

Skólaráðsfundur

FUNDARGERÐ	Tílefni fundar		
	Áttundi fundur skólaráðs		
Dags. fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
8. maí 2013	(08:10 – 09:30)	Skrifstofa skólastjóra, Hjalla	8
Fundarboðandi	Fundarritari	Fundarstjóri	Fj. bls.
Sigrún B.	Sigrún Guðm.	Sigrún B.	1

Boðaðir voru:
Sigrún Bjarnadóttir, Anna Guðný Björnsdóttir, Sigrún Guðmundsdóttir, Hallgrímur Geir Gylfason, Selma Guðmundsdóttir, Ragnheiður Bóasdóttir, Össur Geirsson, Guðrún Kara Valgarðsdóttir og Anna Björg Friðriksdóttir.
Mættir voru:
Allir mættir
Málefni fundar:
<ol style="list-style-type: none"> Skóladagatal Stefnumótunardagur Önnur mál

Málefni	Niðurstaða
1. Skóladagatal	Svipað skóladagatal og í fyrra. Það eru 6 skipulagsdagar hjá leikskólum og á næsta ári ber okkur að sameina alla skipulagsdaga í leik- og grunnskólum. Viðburðir foreldrafélagsins eru komnir inn á dagatalið. Námskeið verða fyrir foreldra barna sem koma yfir í Hjalla og 8. bekk og verða eftirmiðdag þessa daga sem merktir eru inn á dagatalið. Stefnt verður að því að hafa stutta kynningu á Saman í sátt í sal á undan námsefniskynningum sem verða í stofum. Foreldraviðtöl verða á svipuðum tíma og í ár. Breyting verður á stefnumótunardegi en hann verður hafður eftirmiðdag frá kl: 17-20 í stað laugardags. Hugmynd kom upp að setja inn á dagatalið hvenær kennsla hæfist eftir jól og páska og verður því bætt inn. Vorhátíð er komin inn á dagatalið. Skóladagatal samþykkt í skólaráði.
2. Stefnumótunardagur	Almenn ánægja með stefnumótunardaginn. Á aðalfundi foreldrafélagsins kom fram ánægja með hann. Allir sammála um að gott sé að fá nemendur inn í þessa vinnu og er vonast til að fá fleiri að ári. Hugmynd er um að það verði eitt af verkefnum fulltrúa í nemenda- og skólaráði (6.-10. bekk) að mæta á þennan dag. Næsta ár stefnt að því að hafa einn fulltrúa úr 9. bekk og einn úr 10. bekk í skólaráði þannig að annar fulltrúinn haldi áfram og sitji tvö ár. Fá á fulltrúa frá foreldrum til að koma inn í stýrihóp um úrvinnslu á stefnumótunardegi. Búa á til þriggja ára áætlun varðandi þessa vinnu.
3. Önnur mál	Leikskólastjórar í Kópavogi komu í heimsókn í skólann og er stefnt að því að auka samstarf milli stiga hjá leik- og grunnskólum. Boðið er upp á leikskólaval í skólanum fyrir 9. og 10. bekk sem gengið hefur mjög vel. Skólameistari MK situr skólastjórafundi þannig að samvinna hefur verið milli grunn- og framhaldsskóla. Fyrirspurn um útskriftarferð 10 bekkjar. Hugmynd er að hafa dósasöfnun eftir Eurovision. Skólinn og félagsmiðstöðin komin inn í þetta. Foreldrar halda utan um skipulagningu. Fyrirspurn um foreldraviðtöl hvort foreldrar gætu fengið lengri tíma sem þess þyrftu. Athuga með að foreldrar gætu beðið um að tala við aðra kennara á viðtalsblöðum. Ýmsar breytingar hafa verið gerðar á dægradvöl sem þyrfti að kynna betur fyrir foreldrum. Annars er dægradvölin í mikilli endurskoðun og koma þar m.a inn breytingar á tímasetningum á hádegi og skólalokum. Fjöldi barna í 1. bekk á næsta skólaári verður um 63 börn í þremur bekkjum. Búist er við að skólinn verði með 600-640 börn á næstu árum. Össur minnti á að nú stæði yfir átakið hjólað í vinnuna. Hjólagrindur við skólann eru slæmar og illa staðsettar. Þörf er á að bæta úr því. Næsti fundur verður í byrjun júní en þá kemur Hólmfríður Einarsdóttir nýr fulltrúi foreldra inn í skólaráðið.

Álfhólsskóli